


## 1.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Rekstur USKRK (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	-112	-124	12	-9,9%
Laun og launat. gj.	244	239	5	2,0%
Annar rekstrark.	23	17	6	36,5%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>155</b>	<b>131</b>	<b>23</b>	<b>17,7%</b>

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2023	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2023	Frávik	%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	0	0	0	37	22	14	3	3	0	39	26	14	54,2%
Matvælaeftirlit	65	58	7	84	89	-4	16	8	8	35	39	-3	-9,4%
Umhverfiseftirlit	46	66	-20	106	107	-1	2	3	-1	62	44	18	41,5%
Vöktun	1	0	1	18	21	-4	2	2	0	18	24	-5	-21,8%
<b>Samtals</b>	<b>112</b>	<b>124</b>	<b>-12</b>	<b>244</b>	<b>239</b>	<b>5</b>	<b>23</b>	<b>17</b>	<b>6</b>	<b>155</b>	<b>131</b>	<b>23</b>	<b>17,7%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á fyrstu 9 mánuðum ársins 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld eftirlitsins voru 155 m.kr.** eða 23 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 17,7%.

**Tekjur** voru 112 m.kr. sem var 12 m.kr. undir áætlun eða um 9,9%. Tekjur **matvælaeftirlits** voru 7 m.kr. yfir áætlun en af þeim voru varnefnaætlun 8 m.kr. en tekjur **umhverfiseftirlits** voru 20 m.kr. undir áætlun tímabilsins.

**Laun og launatengd gjöld** námu 244 m.kr. sem var 5 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 2,0%. Launakostnaður **skrifstofu heilbrigðiseftirlits** var 14 m.kr. umfram fjárheimildir, **matvælaeftirlit** var 4 m.kr. innan fjárheimilda og **vöktun** var 4 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

**Annar rekstrarkostnaður** nam 23 m.kr. sem var 6 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 36,5%. Helstu frávikin voru vegna **matvælaeftirlits** sem var 8 m.kr. umfram fjárheimildir, sem einkum má rekja til **varnefnaætlunga** sem voru 8 m.kr. umfram fjárheimildir, en tekjur koma á móti þessum kostnaði.